

# Rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða einn sá lægsti í OECD

Eftir Hrafn Magnússon

Rekstrarkostnaður lífeyrissjóða á Íslandi, Danmörku og Belgíu er lægri en í nokkrum öðrum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Nýjustu tölur þar að lútandi eru frá 2010 og rekstrarkostnaður íslenskra lífeyrissjóða svaraði þá til 0,23% af heildareignum sjóðanna. Hlutfallið í Finnlandi, Hollandi og Póllandi var 0,4% en hæst var það í Tékklandi, 1,4%, eins og meðfylgjandi upplýsingar frá OECD sýna. Tölur frá Íslandi eru einnig studdar upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu.

Naðursynlegt er að koma þessu á framfæri í ljósi endurtekinnna rangra fullyrðinga stjórnarmanns í VR, Ragnars Þórs Ingólfssonar, um „glórulausan“ rekstrarkostnað lífeyrissjóða á Íslandi.

Hann er fastagestur í Silfri Egils og í spjallþáttum Bylgjunnar og hefur jafnan uppi stór orð um lífeyrissjóði og starfsemi þeirra og umgengst staðreyndir býsna frjáltslega í málflutningi sínum. Það er afar undarleg ráðstöfun af hálfu þáttastjórnenda fjölmiðlanna að kalla Ragnar Þór aftur að hljóðnemum í ljósi þess að margoft hefur verið sýnt fram á að sjaldnast stendur steinn yfir

steini í málflutningi hans. En þá fyrst kastaði tólfunum þegar sjónvarpsfréttamaður RUV tók viðtal við Ragnar Þór, þar sem hann fékk gagnrýnilaust að fara með rangfærslur sínar. Fréttamaðurinn taldi hvorki ástæðu til að kanna sjálfur hvort fullyrðingar Ragnars Þórs stæðust né gefa Landssamtökum lífeyrissjóða tækifæri til andsvara eins og vönduð fréttamennska hefði gefið fullt tilefni til.


Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Ragnar Þór gagnrýnir rekstrarkostnað lífeyrissjóða og birtir undarlega útreikninga sem standast enga skoðun Auk þess má benda á að hann hefur talið rétt að



Hrafn Magnússon

## Rekstrarkostnaður lífeyrissjóða 2010

Hlutfall af heildareign



sameina alla lífeyrissjóði Íslendinga í einn sjóð, sem væntanlega yrði þá á forræði ríkisins. Það er vissulega sjónarmið út af fyrir sig en hefur tæplega mikinn hlómgrunn í röðum sjóðfélaga innan hins almenna lífeyrissjóðakerfis.

Staðreyndin er sú, og auðveldlega má sannreyna þá fullyrðingu, að víða um heim er bent á íslenska lífeyrissjóði sem fyrirmynd. Jafnframt er eftir því tekið að kostnaður við

rekstur þess er með því minnsta sem þekkist. Meðfylgjandi súlurit segir allt sem segja þarf um rekstrarkostnað íslenskra lífeyrissjóða í alþjóðlegum samamburði.

Mikil hagræðing hefur átt sér stað í rekstri lífeyrissjóðsins á undanförunum árum samfara fækkun lífeyrissjóða. Fyrir um tveimur áratugum voru þeir alls um 90 talsins en nú taka aðeins 23 sjóðir við nýjum sjóðfélögum og fimm þeirra stærstu halda utan um 60% af eignum lífeyrissjóða landsmanna. Tíu stærstu sjóðirnir halda utan um rúmlega 80% eigna allra lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðum á Íslandi mun fækka

» Víða um heim er bent á íslenska lífeyrissjóði sem fyrirmynd. Eftir því er tekið að kostnaður við rekstur þess er með því minnsta sem þekkist.

enn frekar. Nýlega hafa til að mynda nokkrir lífeyrissjóðir sameinast Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og meðal minnstu sjóðanna, sem nú eru starfandi, eru nokkrir sjóðir sveitarfélaga sem taka ekki við nýjum sjóðfélögum. Þeir munu því sjálfkrafa leggjast af á næstu árum.

Stjórnendur lífeyrissjóðanna fagna að sjálfsögðu málefnalegri umræðu um sjóðina í fjölmiðlum, en biðjast undan ómálefnalegri gagnrýni sem hefur þann eina tilgang að gera starfsemi þeirra tortryggilega og ótrúverðuga gagnvart almenningi. Ábyrgð fréttamanna og stjórnenda spjallþátta er því mikil í þessum efnum sem öðrum.

Höfundur er fyrirverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

